

Gátlisti 1: Methylphenidat, gátlisti til notkunar áður en lyfi er ávísað



Eftirfarandi upplýsingum er ætlað að auðvelda viðeigandi ávísun lyfs sem inniheldur methylphenidat fyrir barn sem er 6 ára eða eldra, eða ungling, með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD).

Líkt og lýst er nánar í samantekt á eiginleikum lyfs geta ákveðnir samhliða sjúkdómar útilokað notkun methylphenidats, eða gefið tilefni til sérlegrar árvekni, þ.m.t. hjarta- og æðasjúkdómar, sjúkdómar í heilaeðum og tauga- og geðsjúkdómar, eða einkenni þeirra.

Mikilvægt er:

- Að skrá blóðþrýsting og hjartsláttartíðni í töflu og á línurit við hverja breytingu á skammti og svo á minnst 6 mánaða fresti
- Hæð, þyngd og matarlyst á að skrá á minnst 6 mánaða fresti og skrá inn á vaxtarlínurit
- Fylgjast þarf með því hvort nýjar geðraskanir koma fram eða hvort geðraskanir sem áður voru fyrir hendi versna, við hverja breytingu á skammti og svo á minnst 6 mánaða fresti og í hverjum viðtalstíma

Það er mælt með því að þessi gátlisti sé notaður ásamt samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Methylphenidate STADA.

Vinsamlega hlaðið niður og prentið út gátlistann fyrir viðtalstíma. Það er ekki hægt að vista neinar upplýsingar er varða einstaka sjúklinga á þessum vef. Hægt er að vista útfyllta gátlistann í sjúkraskrá.

Á meðan þú vinnur þig í gegnum gátlistann getur einnig reynst gagnlegt fyrir þig að ræða efni fylgiseðils Methylphenidate STADA, við sjúklinginn og foreldri/foreldra hans eða forráðamann/menn.

Áður en meðferð með methylphenidati er hafin

Dagsetning mats:

Ástæða mats:

Nafn sjúklings:

Fæðingardagur og ár:

Aldur:

Kyn:

Sjúklingar með einhvern af eftirfarandi sjúkdómum og/eða sem nota eftirfarandi lyf samhliða eiga ekki að fá lyf sem innihalda methylphenidat:

Frábendingar	
<i>Vinsamlega athugið að eftirfarandi atriði eru frábendingar ef þau eru til staðar:</i>	
	Metið
• Þekkt ofnæmi fyrir methylphenidati eða einhverju hjálparefna þess	<input type="checkbox"/>
• Gláka	<input type="checkbox"/>
• Krómfíklaæxli (phaeochromocytoma)	<input type="checkbox"/>
• Samtímis meðferð með ósértækum óafturkræfum MAO-hemlum, eða innan við 14 dagar eru liðnir eftir að meðferð með þessum lyfjum hefur verið hætt, vegna hættu á háþrýstingskreppu	<input type="checkbox"/>
• Skjaldvakaofseyting (hyperthyroidism) eða skjaldvakaeytrun (thyrotoxicosis)	<input type="checkbox"/>

<ul style="list-style-type: none"> • Samhliða geðsjúkdómar Greining eða saga um alvarlegt þunglyndi, lystarstol/átraskanir, sjálfsvígstilhneigingu, einkenni geðveilu, alvarlega skapsbrestis, oflæti, geðklofa, siðblindu/jaðarpersónuröskun, greining eða saga um alvarlega og lotubundna geðhvarfasýki af tegund I (sem ekki hefur náðst fullnægjandi stjórn á) 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> • Samhliða hjarta- og æðasjúkdómar Áður greindir hjarta- og æðasjúkdómar, þar með talið verulegur háþrýstingur, hjartabilun, kransæðastífla, hjartaöng, meðfæddur hjartasjúkdómur sem hefur marktæk áhrif á lífeðlisfræði blóðrásar, hjartavöðvakvillar, hjartadrep, hjartsláttartruflanir sem geta verið lífshættulegar og jónagangasjúkdómar (truflanir á starfsemi jónaganga) 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> • Samhliða sjúkdómar í heilaeðum Undirliggjandi sjúkdómar í heilaeðum, slagæðagúlpur í heila, æðasjúkdómar eins og æðabólgur og heilaslag 	<input type="checkbox"/>

Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Áður en meðferð með methylphenidati er hafin skal einnig íhuga eftirfarandi atriði: Að loknu matinu hér að ofan, vinsamlegast skráið gildi við upphaf meðferðar inn í töfluna fyrir áframhaldandi eftirlit:

Fjölskyldusaga	
	Metið
• Fjölskyldusaga um skyndileg hjartaáföll eða óútskýrð dauðsföll	<input type="checkbox"/>
• Fjölskyldusaga um illkynja hjartsláttartruflanir	<input type="checkbox"/>
• Fjölskyldusaga um Tourette heilkenni	<input type="checkbox"/>

Sjúkrasaga sjúklings og læknisskoðun	
<i>Varúðar er þörf þegar methylphenidati er ávísað fyrir sjúklingsa sem eru samhliða með ákveðna sjúkdóma eða nota ákveðin lyf samhliða</i>	
	Metið
Hjarta og æðar	
• Forsaga um hjarta- og æðasjúkdóma	<input type="checkbox"/>
• Þekktur formgerðargalli í hjarta, hjartavöðvakvilli, alvarlegar hjartsláttartruflanir eða aðrir alvarlegir hjartasjúkdómar sem geta gert þau viðkvæmari gagnvart adrenhermandi áhrifum örvandi lyfja	<input type="checkbox"/>
• Hjarta- og æðasjúkdómar	<input type="checkbox"/>
• Undirliggjandi sjúkdómur sem kann að stafa aukin hættu af vegna hækkandi blóðþrýstings eða aukins hjartsláttar	<input type="checkbox"/>
Geðræn/taugafræðileg einkenni	
• Undirliggjandi geðræn einkenni	<input type="checkbox"/>
• Undirliggjandi einkenni geðrofs eða oflætis	<input type="checkbox"/>
• Árásargirni eða fjandsamleg hegðun	<input type="checkbox"/>
• Vöðvakippir í hreyfingum eða tali eða Tourette heilkenni	<input type="checkbox"/>
• Kvíði, uppnám eða spennu	<input type="checkbox"/>
• Þunglyndiseinkenni (skimið fyrir hættu á geðhvarfasýki með því að fá nákvæma geðræna fjölskyldusögu, þ.m.t. fjölskyldusögu um sjálfsvíg, geðhvarfasýki og þunglyndi)	<input type="checkbox"/>

• Geðhvarfasýki	<input type="checkbox"/>
• Flogaveiki. Sjúklingar með flogaveiki og forsögu um flog, eða frávik á heilarafriti ef ekki er um flog að ræða	<input type="checkbox"/>
• Forsaga um ávanabindingu við lyf eða misnotkun lyfja sem hafa örvandi áhrif á miðtaugakerfið	<input type="checkbox"/>
Aðrir sjúkdómar eins og	
• Þekkt óþol gagnvart hjálparefnum	<input type="checkbox"/>
• Þekkt skerðing á nýrna- eða lifrarstarfsemi	<input type="checkbox"/>
• Hvítfrumnafeð, blóðflagnafæð, blóðleysi eða aðrar breytingar á blóðmynd, þ.m.t. breytingar sem benda til alvarlegra nýrna- eða lifrarsjúkdóma	<input type="checkbox"/>
Meðgangi: Metið ávinning/áhættu: Ekki er mælt með notkun methylphenidats á meðgöngu nema ef klínísk ákvörðun er tekin um að frestur á meðferð geti valdið meiri áhættu fyrir meðgönguna	<input type="checkbox"/>
Brjóstgjöf: Metið ávinning/áhættu: Taka þarf ákvörðun um hvort hætta eigi brjóstgjöf eða gera hlé á meðferð með methylphenidati með tilliti til ávinnings af brjóstgjöf fyrir barnið og ávinnings af meðferð fyrir konuna	<input type="checkbox"/>
Mögulegar milliverkanir við önnur lyf	
<i>Lyfjahvarfamilliverkanir</i>	
• Kúmarín segavarnarlyf	<input type="checkbox"/>
• Krampastillandi lyf (t.d. fenobarbitol, fenytoin og primodon)	<input type="checkbox"/>
• Þunglyndislyf (þríhringlaga lyf og sértækir serotonin endurupptökuhemlar)	<input type="checkbox"/>
<i>Lyfhrifamilliverkanir</i>	
• Blóðþrýstingslækkandi lyf	<input type="checkbox"/>
• Lyf sem hækka blóðþrýsting	<input type="checkbox"/>
• Áfengi	<input type="checkbox"/>
• Svæfingalyf sem innihalda halogen	<input type="checkbox"/>
• Alfa-2-örvar með miðlæg áhrif (t.d. clonidin)	<input type="checkbox"/>
• Dópamínhemlar, þ.m.t. geðrofslyf	<input type="checkbox"/>
• L-dopa eða önnur dópamínörvandi lyf	<input type="checkbox"/>

Fylgiseðill	
	Metið
• Íhugið að nota fylgiseðilinn til leiðbeiningar við að útskýra meðferð við ADHD með methylphenidati fyrir sjúklingi(um) og/eða forráðamanni/mönnum þeirra	<input type="checkbox"/>

Skráið allar frekari upplýsingar hér

Að loknu matinu hér að ofan, vinsamlegast skráið gildi við upphaf meðferðar inn í töfluna fyrir áframhaldandi eftirlit: (Sjá töflu)